

## **Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til aukafundar fimmtudaginn 4. desember 2008 kl. 12:15 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Árni Davíð Haraldsson, Hilma Steinarsdóttir, Sigurður Jóhannes Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Ágúst Marínó Ágústsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Á fundinn mættu einnig, til að svara fyrirspurnum hreppsnefndarfulltrúa, Guðni Örn Hauksson, sparisjóðsstjóri, og Kristín Kristjánsdóttir, formaður stjórnar Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

### **DAGSKRÁ:**

#### **Áskrift að hækkun stofnfjár í Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis.**

Fyrir fundinum lá bréf frá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis, dags. 28.11.08, þar sem greint var frá ákvörðun stjórnar sparisjóðsins um að nýta heimild frá stofnfjáreigendafundi, dags. 25.11.08, til hækkunar stofnfjár að nafnverði kr. 300.000.000,-, eða að kaupverði kr. 343.110.000,-. Fram kom í bréfi sparisjóðsstjórnar að áskriftartími nýs stofnfjár er frá kl. 12:00 þann 28. nóvember 2008 til kl. 16:00 þann 8. desember 2008.

Samkvæmt upplýsingum í bréfi sparisjóðsstjórnar á sveitarfélagið rétt á að skrá sig fyrir kr. 8.571.570,- að nafnverði, eða kr. 9.803.305,- að kaupverði. Einnig kom fram að stofnfjárloforð verði ekki innheimt nema að ríkissjóður leggi einnig til stofnfé og að þar með verði framtíðarrekstur Sparisjóðsins tryggður.

Einnig kom fram að sveitarfélagið hefur rétt til stofnfjárkaupa umfram framangreinda fjárhæð komi upp sú staða að einhverjir stofnfjáreigendur kjósi ekki að nýta sér rétt sinn til stofnfjárkaupa. Réttur annarra stofnfjáreigenda eykst þá hlutfallslega sem því nemur.

Í niðurlagi bréfsins kom fram að gangi stofnfé ekki að fullu út til núverandi stofnfjáreigenda skal heimilt að selja það sem eftir stendur til nýrra aðila auk þess sem fram kom að miðað við núverandi aðstæður á fjármálamörkuðum hefur Sparisjóðurinn ekki möguleika á að hafa milligöngu um lán til handa stofnfjáreigendum en mun þó reyna að koma til móts við tryggja viðskiptavinum eins og unnt er.

Guðni Örn Hauksson, sparisjóðsstjóri, kynnti í stuttu máli stöðu Sparisjóðsins og aðdraganda þess að ákveðið var að fara í stofnfjárukningu. Sparisjóðsstjóri og stjórnarformaður svöruðu síðan fyrirspurnum hreppsnefndar og sveitarstjóra.

Eftir nokkrar umræður var samþykkt að fresta afgreiðslu málsins til fundar nk. mánudag, 8. desember 2008, kl. 12:00 í Þórsveri.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:32.